

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt eftirfarandi skipulagsáform:

Verslunar-, þjónustu- og athafnasvæðið Korputún í Blikastaðalandi – V/A128.

Deiliskipulagið hefur hlotið afgreiðslu skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur í sér byggð fyrir verslunar-, þjónustu- og athafnasvæði, þar sem áhersla er lögð á sjálfbærni og samnýtingu, náttúru og aðlaðandi umhverfi. Samgönguás Borgarlínu mun liggja í gegnum skipulagssvæðið. Deiliskipulagssvæðið er úr landi Blikastaða, um 17,4 ha að stærð og afmarkast af Vesturlandsvegi, Korpúlsstaðavegi, Korpu og sveitarfélagamörkum Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar.

Korpúlsstaðavegur um Blikastaði.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og byggir á kynntri tillögu nýs verslunar-, þjónustu- og athafnasvæðis að Korputúni og er ætluð til að samræma svæði. Skipulagsbreytingin felur í sér breytta afmörkun svæðis auk þriggja nýrra umferðar- tenginga við Korpúlsstaðaveg; ein gatnamót, eitt hringtorg og nýja þverun Borgarlínu um Blikastaðaland. Annað í skipulagi er óbreytt.

Brettavöllur við Krikaskóla – S410.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur í sér að deiliskipulagi Krikahverfis er breytt þannig að skilgreint verði svæði fyrir brettavöll milli Reykjavegar og battavallar Krikaskóla. Stærð svæðis er um 600 m². Völlurinn verður aðlagður að umhverfinu svo hann falli vel að landi. Gróður og mön munu veita skjól og skýla honum frá Reykjavegi og nánasta umhverfi. Aðkoma að brettavelli er frá austurenda bílastæðis Krikaskóla auk þess sem tenging við göngustíg verður bætt. Breytingin er gerð á reit sem skilgreindur er í skipulagi fyrir hljóðskerm. Annað í skipulagi er óbreytt.

Ofangreint skipulag og skipulagsbreytingar hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 22. mars 2023,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 23. mars 2023